


Janúar 2021



Sjálfbær innkaup Stefna ríkisins





Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoll – 101 Reykjavík

545 9200 | fjr@fjr.is

Janúar 2021

© 2020 – Fjármála- og efnahagsráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Sjálfbær innkaup	4
Framtíðarsýn	6
Meginmarkmið	7
Sjálfbær innkaup	8
Hagkvæm innkaup	9
Nýskapandi innkaup	10
Gagnsæ innkaup	11
Tilefni stefnumótunar og samráð	12

Sjálfbær innkaup

Stór hluti útgjalda íslenska ríkisins fer í gegnum opinbera innkaupaferla á hverju ári, innkaupin hlaupa á milljörðum hvort sem um er að ræða verklegar framkvæmdir, þjónustukaup eða vörukaup. Það skiptir því miklu máli að ríkisaðilar hafi í höndum markvissa stefnu um innkaup sem styðja við markmið um sjálfbæra þróun og sjálfbær ríkisútgjöld.

Ríkið er stór aðili á markaði og innkaup þess geta því haft áhrif á framleiðslu og framboð. Ríkið getur því haft margvisleg jákvæð áhrif með því að beita skýrri stefnu þegar kemur að samningskröfum sínum. Innkaup skipta máli fyrir umhverfið því með þeim má minnka kolefnisspor hins opinbera og er það skýrt markmið stefnunnar að innkaup ríkisaðila stuðli að aukinni sjálfbærni.

Þá hafa innkaup áhrif til að auka nýsköpun í landinu og verðmætasköpun ásamt því að vera mikilvægt tól til að auka jafnræði og jafnrétti.

Lykil viðfangsefni við opinber innkaup ríkisaðila til næstu ára eru:

1

Ná fram hagkvæmum og vistvænum innkaupum sem tryggja sjálfbærni til lengri tíma litið.

2

Auka faglega þekkingu innkaupaaðila til að stuðla að skilvirkum árangri í þjónustu ríkisins.

3

Tryggja nægilega samkeppni og örva nýliðun og nýsköpun með aukinni samvinnu við markaðinn.

4


Nýta stafrænar innkaupaleiðir og upplýsingatækni markvisst til gagnagreiningar og sameiginlegra innkaupa.

5

Tryggja að almenningur og fyrirtæki eigi greiðan aðgang að upplýsingum um innkaup ríkisins.

Markmið laga um opinber innkaup er að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og að efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Stefnan og aðgerðir henni tengdar munu gera ríkisaðila betur í stakk búna til að framfylgja þessum markmiðum eftir og ná árangri í gegnum innkaup.

Stefna þessi leysir fyrri stefnur á málefnaviðinu af hólmi. Stefnan verður endurskoðuð að fimm árum liðnum, hið minnsta, en að markmiðum hennar er unnið á grundvelli aðgerðaáætlunar sem gefin er út samhliða. Í henni eru þær aðgerðir sem eiga að tryggja að með aukinni þekkingu innkaupafólks, með samvinnu við markaðsaðila og með því að nýta gögn og stafræn kerfi sé hægt að ná þeim markmiðum sem stefnt er að, og auka það virði sem fæst fyrir skattþeninga almennings.





Framtíðarsýn

Innkaup ríkisins eru framsækin og sjálfbær og taka mið af umhverfis- og loftslags-sjónarmiðum. Innkaup byggja á skilgreindum markmiðum og greiningu gagna, eru framkvæmd á gagnsæjan hátt og stuðla að samkeppni og nýsköpun. Innkaupafólk ríkisins innir störf sín af hendi af þekkingu og heiðarleika og mætir nýjum áskorunum í samvinnu við markaðinn. Fjármunir eru nýttir á samfélagslega ábyrgan hátt með hagsæld landsins og góða þjónustu við almenning að leiðarljósi.

Meginmarkmið

1

SJÁLFBÆR INNKAUP



2

HAGKVÆM INNKAUP



3

NÝSKAPANDI INNKAUP



4

GAGNSÆ INNKAUP



Sjálfbær innkaup

Vistvæn innkaup ríkisaðila eru almenn regla.

Áherslur til að ná meginmarkmiði:

- Aukið með markvissum hætti þekkingu innkaupafólks og stjórnenda á vistvænum innkaupum og hringrásarhagkerfi og á þeim tækifærum sem felast í útreikningi á vistferilskostnaði við innkaup. Draga úr innkaupum t.d. með því að nýta notaðar vörur.
- Tryggt aðgengi ríkisaðila að miðlægri, faglegri þjónustu um vistvæn innkaup.
- Tryggt að upplýsingar um umhverfisskilyrði og annað er viðkemur vistvænum innkaupum séu fyrirliggjandi og aðgengilegar. Umhverfisskilyrði, hjálpartól og aðrar upplýsingar er skipta máli í tengslum við vistvæn innkaup verða reglulega uppfærðar.
- Fyrirliggjandi umhverfisskilyrði, t.d. hjá Evrópusambandinu eða á Norðurlöndunum gerð að skyldu við innkaup hjá ríkisaðilum hér á landi. Mælingar og upplýsingar um umhverfisvæna samninga verði til staðar.
- Ríkisaðilar velja umhverfismerktar vörur og nýta sér greiningu á vistferilskostnaði við innkaup.
- Yfirsýn ríkisins yfir vistvæn innkaup tryggð, svo sem með notkun rafræns innkaupakerfis, hvort tveggja yfir innkaup innan rammasamninga og utan þeirra. Árangur birtur opinberlega.
- Ríkið stuðlar að þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem auka framboð á vistvænum valkostum á markaði.



Hagkvæm innkaup

Innkaup ríkisaðila eru hagkvæm og skilvirk. Þau eru byggð á þekkingu og nýta tækni, markvissa áætlanagerð, gagnagreiningu og eftirfylgni með samningum til að tryggja árangur og góða þjónustu við almenning.

Áherslur til að ná meginmarkmiði:

- Miðlæg innkaupastofnun nýtt til hagkvæmra vistvænna kaupa á aðföngum og árangursríkar innkaupaleiðir þróaðar.
- Áætlanagerð nýtt til hagkvæmari samninga.
- Samstarf innan ríkis og samráð við markaðinn aukið í veigameiri innkaupaverkefnum.
- Greiningarhæfni bætt. Gögn ríkisins nýtt til markvissra greininga, úrbóta og eftirfylgni með árangri samninga.
- Stafræn innkaup efld og greiningatól og mælaborð nýtt til að veita innsýn í helstu útgjaldaflokka.
- Aukin skipulögð innkaupafræðsla jafnt fyrir innkaupafólk sem stjórnendur. Þekking um innkaup aukin hjá innkaupafólki og stjórnendum.



Nýskapandi innkaup

Lögð áhersla á nýskapandi lausnir í opinberri starfsemi þar sem áskorunum er mætt í samvinnu við markaðinn.

Áherslur til að ná meginmarkmiði:

- Vistvænna framboð vöru og þjónustu þróað með markaðnum.
- Aukinn stuðningur við opinbera aðila í notkun innkaupaferla sem stuðla að nýsköpun.
- Þekking á möguleikum innkaupa til nýsköpunar meðal opinberra- og einkaaðila aukin.
- Samvinna með markaðsaðilum um nýsköpunar- og þróunarverkefni.
- Viðeigandi samningar opinberra aðila styrki félagsleg markmið ríkisins.



Gagnsæ innkaup

Innkaup ríkisins eru samfélagslega ábyrg. Upplýsingar um innkaup eru aðgengilegar almenningi og ríkisaðilum. Gögn eru greinanleg og samanburðarhæf.

Áherslur til að ná meginmarkmiði:

- Gagnsæi og eftirlit aukið með markvissri framsetningu innkaupagagna á opnum vef.
- Ávinningur útboða og innkaupa aðgengilegur og birtur almenningi.
- Yfirsýn stjórnenda og innkaupafólks aukin.
- Miða skal að því að samningar ríkisins séu samfélagslega ábyrgir og að viðeigandi sönnunargögn liggi fyrir í áhættusönum verkefnum.



Tilefni stefnumótunar og samráð

Tilefni til endurskoðunar á innkaupastefnu ríkisins er tvíþætt:

- Íslenska ríkið stendur frammi fyrir miklum áskorunum, bæði efnahagslegum og samfélagslegum og því er gríðarlega mikilvægt að nýta enn betur þá miklu fjármuni sem fara í vörur, þjónustu og verk.
- Skuldbinding Íslands að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og þar með talið markmiðinu um innleiðingu á sjálfbæru verklagi við opinber innkaup með aðgerðaráætlun.

Virkt samráð var við helstu hagsmunaaðila við mótun stefnunnar. Fjármála- og efnahagsráðuneytið kom á fót stýrihópi með fulltrúum frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Ríkiskaupum til að halda utan um stefnumótunarferlið og tók hópurinn til starfa sumarið 2019. Þá var haft samráð við helstu hagsmunaaðila og hafa í heild fulltrúar 50 aðila komið að stefnumótunarvinnunni og skiptast þeir í framkvæmdaaðila, samstarfsaðila og hagsmunaaðila.

- Framkvæmdaaðilar – ráðuneyti og stofnanir ríkisins sem bera ábyrgð á innkaupum sínum ásamt Ríkiskaupum.
- Samstarfsaðilar – stofnanir sem tengjast málaufloknum beint í gegnum markvisst samstarf, svo sem Umhverfisstofnun.
- Hagsmunaaðilar – sveitarfélög, hagsmunasamtök, seljendur á markaði.

Lesa má nánar um samráðið í stöðumatsskjali sem birt var í samráðsgátt
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2603](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2603)

Afmörkun viðfangsefnis

Starfsemi er varðar opinber innkaup heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið og fellur undir málefnavið 5, *skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla*.

Eftirfarandi þættir varða stefnumótunina:

-
- Innkaup ríkisaðila.

 - Sameiginleg innkaup og notkun rammasamninga.

 - Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

 - Notkun stafrænnar tækni til innkaupa.

 - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 12.7: Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
-

Innkaupastefna matvæla fyrir ríkisaðila fellur utan afmörkunar viðfangsefnisins en ætla má að framtíðarsýn þeirrar stefnu falli að heildarframtíðarsýn innkaupa ríkisaðila við útgáfu þessarar stefnu.



